

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. nóvember 2021 vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á deiliskipulagi, Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi, Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur, birtist í Fréttablaðinu miðvikudaginn 1. desember nk. Tillagan er í kynningu frá 1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/holmsheidifjarborgalmannadalur>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. nóvember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. nóvember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði. Í breytingunni felst annars vegar breytingar á framtíðaráætlunum á svæðinu og hins vegar samræming skipulagsins að núverandi stöðu. Um er að ræða breytingar í þrettán liðum, auk fimm lagfæringa á uppdrætti til samræmis við núverandi stöðu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 12. janúar 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu ☀️
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 🌊

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is